

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Akureyrarflugvöll.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 20. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Akureyrarflugvöll.

Skipulagssvæðið er 172,5 ha og afmarkast af þjóðvegi til norðurs og vesturs og Eyjafjarðará til austurs. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir færslu girðingar vestan og sunnan flugbrautar, breytingum á lóðastærðum og bílastæðum, þremur nýjum lóðum fyrir lítill flugskýli og þremur lóðum fyrir stór flugskýli. Þá gerir tillagan ráð fyrir stækkun á byggingarreit við flugstöðvarbyggingu ásamt því að lóð fyrir slökkvistöð við Drottningarbraut er felld út.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 23. september 2024,*

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 7. október 2024